

Félag úthafsútgerða
formaður Snorri Snorrason
úngerðarmaður Dalvík.
Frankvæmdastjóri Pétur Einarsson
Skiptiholt 50 b. Reykjavík.
Sími 5621831
Fax 5610198

Alþingi

Erindi nr. P 120, 2065

komudagur 23, 5 1996

ATHUGASEMDIR

FÉLAGS ÚTHAFSÚTGERÐA

VIÐ FRUMVARP TIL LAGA

UM FISKVEIÐAR UTAN LÖGSÖGU ÍSLANDS.

- Félag úthafsútgerða hefur ekkert tækifæri haft til þess að fjalla um frumvarpið og er það þó helsti hagsmunaaðili sem frumvarpið beinist að. Félagið krefst þess að fá frumvarpið til umfjöllunar og að fá nægan tíma til að gera sínar athugasemdir til Sjávarútvegsnefndar Alþingis. Félagið telur sig þurfa a.m.k. 2 mánuði til þess að fara ítarlega yfir frumvarpið.
- Ísland er 13. eða 14. stærsta fiskveiðiþjóð heims, í magni talið. Úthafsveiðar hafa Íslendingar hinsvegar ekki stundað í neinum mæli þar til síðustu ár. Aðeins eru 3 ár síðan hægt var að skrá skip á Íslandi til fiskveiða utan landhelgi. Úthafsveiðar Íslendinga eru í dag aðeins örlítið brot af úthafsveiðum heimsins. Til samanburðar má t.d. líta til úthafsveiða Japan, Suður Kóreu, Bandaríkjanna, Spánar, Portúgal, Póllands, Eyrstrasaltsríkjanna, Rússlands og að ýmsu leyti til Færeyinga. Mikil áhersla er nú til dags lögð á útflutning hugvits Íslendinga. Aðeins í einni atvinnugrein höfum við yfirburða þekkingu fram yfir aðrar þjóðir en það er í fiskveiðum. Félag úthafsútgerða vill og hefur flutt þá þekkingu út og óskar eftir stuðningi Alþingis til þess að gera hlut Íslendinga í þessum efnum sem mestan á alþjóðlegum vettvangi. Til þess að úthafsútgerð Íslendinga megi þroskast og dafna þarf atvinnugreinin eins mikið frelsi og alþjóðalög heimila.
- Félagið minnir á 87. grein Hafréttarsáttmálans um frelsi úthafsins. Félagið fagnar jafnframt Úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tilbúinn var af þeirra hálfu 4. ágúst 1995. Félagið vill hinsvegar benda á að engin þjóð hefur enn fullgilt Úthafsveiðisáttmálann og hann hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi. Engin þjóð hefur því sett landslög til fyllingar sáttmálanum. Úthafsveiðisáttmálinn kveður á um þjóðréttarlega byltingu hvað varðar veiðar á úthöfum.

- Til þeirra verka á að vanda sem vel eiga að standa, stendur á vísun stað. Með það í huga lýsir félagið furðu sinni á þeim ógnarhraða sem til stendur að knýja á um samþykkt umrædds frumvarps. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins var ekki hafist handa um gerð þess fyrr en Sameinuðu þjóðirnar höfðu lokið gerð Úthafssáttmálans. Gerð frumvarpsins hefur því hafist í september 1995. Nefndin sem það vann skilaði því, með ágreiningi þann 7. maí s.l. til sjávarútvegsráðherra. Þann 10. maí s.l. var frumvarpið lagt fyrir ríkisstjórn og svo fyrir þingflokka. Þann 13. maí s.l. var frumvarpið lagt fyrir Alþingi með það í huga að knýja fram lagasetningu fyrir þinglok sem áætluð eru í lok maí. Þessi aðferð við lagasetningu er afar óvenjuleg og alls ekki í anda lýðræðis allra síst þegar það er haft í huga að um er að ræða byltingu í þjóðarrétti og gjörbyltingu í íslenskum landsrétti. Jafnframt er það til íhugunar að varla hefur mikilvægari lagasetning verið fyrir Alþingi frá 1944 þegar frá er talin lýðveldisstofnunin, innganga í NATO og útfærsla landhelginnar í 200 sjómílur.
- Til þess að taka af allan vafa lýsir Félag úthafsútgerða því yfir að það styður allar skynsamlegar aðgerðir til verndar fiskistofnum og vill vinna gegn rányrkju. Félagið lýsir einnig stuðningi við Úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna og einnig við bálk Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um ábyrgar fiskveiðar.

Í mjög grófum dráttum eru helstu athugasemdir Félags úthafsútgerða við frumvarpið þessar:

1. Frelsi til athafna á úthafinu er stórlega skert.
2. Skip sem veiðileyfi hafa í lögsögu Íslands hafa tvímælalausan forgang fram yfir úthafsútgerðir.
3. Ný skip geta ekki bætst í flota úthafsútgerða.
4. Frelsi til athafna í landhelgi annarra landa er stórlega skert.
5. Kostnaður við eftirlit við úthafsveiðar stóreykst m.a. með fyrirhugaðri gjaldtöku vegna veiða á Flæmska hattinum. Sá kostnaður nemur ekki minna en 6 miljónum á hvert veiðiskip en gæti orðið allt að 10 miljónum sem í mörgum tilfellum er jafnt eða meir en hagnaður af útgerð skipanna. Nú stunda 40 íslenskir togarar veiðar á Flæmska hattinum.

6. Framsal Alþingis á löggjafarvaldi sínu til sjávarútvegsráðherra samkvæmt frumvarpinu er með öllu ósamrýmanlegt íslensku réttarfari.

Félag úthafsútgerða leyfir sér fyrir hönd íslensks almennings og sjálfs sín að mótmæla harðlega 3. 4. 5. 6. 8. og 16 grein frumvarpsins og telur þær allar fallnar til þess að ganga af íslenskri úthafsútgerð dauðri og taka fyrir allan frekari vöxt þessarar mikilvægu alþjóðlegu starfsemi Íslendinga.

Því má við bæta að ljóst er að Kanadamenn hafa leikið á Íslendinga með því að fá samþykkt í Norð Vestur Atlantshafsfiskveiðistofnuninni (NAFO) að sérstakir sjónarvottar yrðu um borð í íslenskum skipum við veiðar á Flæmska hattinum. Kanadamönnum hefur bersýnilega verið það ljóst að kostnaður vegna sjónarvottanna yrði það hár vegna fjarlægðar Íslands frá miðunum að hann fældi íslenska útgerðarmenn frá veiðunum en sex sinnum lengra er fyrir Íslendinga að sækja á þessi úthafsmið en fyrir Kanadamenn og kostnaður hlutfallslega samkvæmt því.

Það íslenskt stjórnvald sem væntanlega hefur samþykkt kröfu um sjónarvotta hefur kostað skattborgara hérlendis hundruðu milljóna króna í óþarfa áhorf með veiðum ef framkvæmt verður sem stjórnvöld hérlendis stefna að með umræddu frumvarpi. Áhorf sem Kanadamenn stunda ekki sjálfir á sama hátt og kveðið er á í fyrrgreindu samkomulagi. Allt kapp verður að leggja á að fá þessa kvöð niðurfellda eða finna leið sem er kostnaðarlega viðráðanleg.

Félag úthafsútgerða, sem nú þegar framkvæmir mikla eftirlitisvinnu fyrir íslensk stjórnvöld s.s. Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun, lýsir sig reiðubúið til viðræðna við stjórnvöld vegna fyrrgreinds ákvæðis um sjónarvotta og til að leggja fram tillögur um skynsamlega og ásættanlega lausn. Skynsamleg lausn væri til dæmis að fela skipstjórnarmönnum íslenskra fiskiskipa framangreinda vottun til viðbótar því starfi sem þeir sinni fyrir opinbera aðila hérlendis eða að fela Kanadamönnum eftirlitið sbr. sem segir í greinargerð.

Fyrrgreindur sjónarvottakostnaður gæti hæglega orðið til þess að íslensk skip hættu veiðum á Flæmska hattinum við það tapaðist dýrmæt veiðireynsla sem reynslan hefur sýnt að er grunnur í samningaviðræðum um úthafsveiðar.

Reykjavík 22. maí 1996

Fyrir hönd Félags úthafsútgerða
Snorri Snorrason formaður (sign)

Fylgiskjal:

Greinargerð.

Kostnaður vegna sjónarvotta um borð í íslenskum fiskveiðiskipum á Flæmska hattinum samkvæmt samþykkt NAFO frá september 1995.

GREINARGERÐ.

Eftirfarandi er meginrökstuðningur Félags úthafsútgerða. Félaginu hefur gefist alltof skammur tími til þess að skrifa vandaða greinargerð en hér á eftir verður farið yfir helstu röksemdir félagsins. Fylgt er röksemdum félagsins eins og þær koma fram hér að framan.

Frelsi til athafna á úthafinu er stórlega skert.

Ísland er aðili að Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. 87. grein samningsins hljóðar svo:

"1. Úthafið er opið öllum ríkjum hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki. Frelsi úthafsins er notað samkvæmt skilyrðum sem sett eru í samningi þessum og öðrum reglum þjóðarréttarins. Bæði fyrir strandríki og landlukt ríki felur það m.a. í sér:

- a) frelsi til siglinga;
- b) frelsi til yfirflugs;
- c) frelsi til að leggja neðansjárstrengi og -leiðslur, samanber þó VI. hluta;
- d) frelsi til að gera tilbúnað eyjar og annan útbúnað sem þjóðarréttur heimilar, samanber þó VI. hluta;
- e) frelsi til veiða, samanber þó skilyrði sem sett eru í 2. kafla;
- f) frelsi til vísindarannsókna, samanber þó VI. og XIII. hluta.

2. Öll ríki skulu nota þetta frelsi með tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna annarra ríkja, sem nota frelsi úthafsins, og einnig með tilhlýðilegu tilliti til réttindanna samkvæmt samningi þessum að því er snertir starfsemi á svæðinu."

Málsliður e) er sá sem skiptir máli í þessu samhengi. Til skýringar skal upplýst að 2. kafli fjallar um mörk landhelginnar.

Ísland er ekki aðili að samningi um framkvæmd ákvæða Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförella fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim. (Úthafsveiðisamningurinn). Ísland undirritaði samninginn 4. desember 1995 en hann hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi né staðfestur. Enn á því eftir að reyna á stjórnmalalegan vilja Alþingis til þess að staðfesta hann.

Engin þjóð hefur, þegar þetta er skrifað, staðfest Úthafssáttmálann og engin þjóð hefur því sett lög til fyllingar honum.

Frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem nú liggur fyrir Alþingi er þó byggt á efni samningsins ætlað til fyllingar honum og ber með sér gjörbyltingu á íslenskum rétti.

Úthafsveiðisamningurinn kveður á um þrjú aðalatriði:

1. Varúð við úthafsveiðar í þeim tilgangi að varðveita fiskistofna.
2. Ábyrgð heimalands skips (fánalands) á því að reglum sé fylgt við úthafsveiðar.

3. Um friðsamlega lausn deilumála.

Af framansögðu er ljóst að frelsi ríkja til veiða á úthafinu er tryggt en reglum þarf að fylgja. Úthafsveiðisamningurinn ber því ekki með sér tilfinnanlega skerðingu á núverandi rétti íslenskra skipa til veiða á úthafinu.

Lagafrumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi ber hinsvegar með sér mikla skerðingu frá núverandi umhverfi samanber eftirfarandi ákvæði frumvarpsins:

3. gr. “Ráðherra skal setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum”
4. gr. “Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum”
“Skulu leyfin bundin skilyrðum sem nauðsynleg eru....”
“Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnu rekstri og laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands...”
5. gr. “Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt...”
“Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.”
“Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum, sem um ræðir í þessari grein, utan lögsögunnar enda uppfylli þau skilyrði lokamálsl. 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þó skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar enda hafi þau veiðireynslu út viðkomandi stofni.”
6. gr. “Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur. (Aths. félagsins: Er einnig í 5. gr. og lesist úthafs útgerðir)
8. gr. Aths. félagsins: Greinin er í heild sinni mjög takmarkandi fyrir úthafsveiði vegna fjárhæða eftirlitissgjalds sem er mikið herra en innan landhelginnar.

Af framansögðu er augljóst að frelsi til úthafsveiða er stórskert frá því sem nú er. Flest ef ekki öll takmörkunarákvæðin er ný í íslenskum rétti.

Skip sem veiðileyfi hafa í lögsögu Íslands hafa tvímælalausán forgang fram yfir úthafsútgerðir.

Í 4. gr. frumvarpsins stendur: “Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi skilyrðum lagaum rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands...”

Í 5. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða stendur “Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri.”

Af ofangreindri grein má sjá að ekki er ætlast til að önnur skip fái leyfi til úthafsveiða en þau sem nú hafa leyfi til veiða í landhelginni.

Ný skip geta ekki bætst í flota úthafsútgerða.

Með tilvísun í það sem hér greinir næst að ofan er augljóst að ný skip geta ekki bæst við og varla að þau skip er nú stunda úthafsveiðar geti haldið þeim áfram undir Íslenskum fána.

Frelsi til athafna í landhelgi annarra landa er stórlega skert.

Í 4. grein stendur: “Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

Fiskveiðar Íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærri yfirvalda.”

Af þessum greinum er augljóst að mjög er takmarkað athafnafrelsi íslenskra úthafsútgerða í landhelgi annarra ríkja. Vert er að benda á orðin “leyfi þar til bærri yfirvalda” lesist m.a. íslenski sjárvaútvegðsráðherrann. Spurningar sem vakna strax við lestur þessarar greinar frumvarpsins eru t.d. hvað með útgerð Íslendinga m.a. við Kamtchatka, Namibíu og á innhafi (?) eins og Viktoríuvatni.

Kostnaður við eftirlit við úthafsveiðar stórevkst m.a. með fyrirhugaðri gjalddöku vegna veiða á Flæmska hattinum. Sá kostnaður nemur ekki minna en 6 miljónum á hvert veiðiskip en gæti orðið allt að 10 miljónum sem í mörgum tilfellum er jafnt eða meir en hagnaður af útgerð skipanna. Nú stunda 40 íslenskir togarar veiðar á Flæmska hattinum.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt á eftirlitisgjald er nemur 1 - 3 % af aflaverðmæti skips. Auðvelt er að sýna framá að það geta verið hagnaðartölur viðkomandi

úthafsútgerðar sbr. fylgiskjal og útreikninga sýnda Sjávarútvegsnefnd Alþingis á fundi hennar í dag. Þeir útreikningar sýna að úthafsveiðar Íslendinga þar sem gjaldið yrði lagt á leggðust niður. Kostnaður Íslands vegna þess næmi hundruðum milljóna, ef ekki miljörðum vegna tapaðra tekna ríkissjóðs.

Gjöld af úthafsveiði samkvæmt frumvarpinu eru einnig margfalt hærri en gjöld af veiðum innan landhelginnar sbr. lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Eftirlitsgjöld innan landhelginnar eru aðeins vegna frystitogara en eftirlitið er mjög tilviljanakennt um borð í þeim.

Á 17 ársfundi NAFO í september 1995 var samþykkt að tillögu Kanadamanna með skjali NAFO/Doc. 95/17 að hafa sjónarvotta um borð í öllum fiskiskipum á samningssvæðinu eða:

“Each Contracting Party shall require all its vessels fishing in the Regulatory Area to accept observers on the basis of the following:

- a) each Contracting Party shall have the primary responsibility to obtain, for placement on its vessels, independent and impartial observers,
- b) in cases where a Contracting Party has not placed an observer on a vessel, any other Contracting Party may, subject to the consent of the Contracting Party of the vessel, place an observer on board until that Contracting Party provides a replacement in accordance with paragraph a);
- c) no vessel shall be required to carry more than one observer pursuant to this Pilot Project at any time.”

Lauslega skýrt þýðir þetta að sérhver samningsaðili skal hafa einn sjónarvott um borð í skipum sínum. Sé það ekki gert þá má sérhvert annað samningsríki láta sjónarvott frá sér um borð til þess að uppfylla fundarsamþykktina. Ekkert er kveðið á um kostnað af þess háttar ráðstöfun.

Rétt er að benda á að auðvelt er að leysa kröfu Kanadamanna um sjónarvott um borð veiðiskipa á Flæmska hattinum með því að fela skipstjórnarmönnum þessa skyldu ásamt öðrum núverandi eftirlitisskyldum fyrir Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofu en þann hátt munu Færeyingar hafa á lausn málsins samkvæmt upplýsingum félagsins. Þá væri einnig möguleiki að láta Kanadamenn um að hafa sjónarvotta um borð í íslenskum skipum

og bera sjálfa af því kostnað. Enn önnur útleið er að ráða menn til sjónarvottunar frá svæðum þar sem laun eru minni en hérlendis t.d. Rússlandi eða Eystrasaltsríkjunum. Laun sem þeir fengju greidd á úthafstogurum myndu þykja mjög há í þeirra heimaríkjum þó svo þætti ekki að íslenskum mælikvarða.

Ofangreind samþykkt um sjónarvott er líklega bindandi af Íslands hálfu til 31. desember 1997 en Ísland mótmælti ekki samþykktinni né notfærði sér 60 daga mótmælarétt.

Framsali Alþingis á löggjafarvaldi sínu til sjávarútvegsráðherra samkvæmt frumvarpinu er með öllu ósamrýmanlegt íslensku réttarhari.

Í frumvarpinu er allvíða gert ráð fyrir miklu rýmra framsali valds til sjávarútvegsráðherra en með nokkru móti samrýmist íslenskum grundvallarlögum sbr. eftirfarandi tilvitnanir úr frumvarpinu:

“Ráðherra skal setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru...”

“Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru.”

“...skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt...”

“Ráðherra getur þegar...”

“Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru...”

“eftir því sem við á...”

Félag úthafsútgerða áskilur sér rétt til þess að koma að frekari athugasemdum eða leiðréttingum vegna villna sem gætu hafa átt sér stað vegna þess hve athugasemdir þessar eru unnar með skömmum undirbúningi.

Félag úthafsútgerða
formaður Snorri Snorrason
útgerðarmaður Dalvík
Framkvæmdastjóri Pétur Einarsson
Skiptótt 50 b. Reykjavík.
Sími 5621831
Fax 5610198

**KOSTNAÐUR VEGNA SJÓNARVOTTA UM BORD Í ÍSLENSKUM
FISKVEIÐISKIPUM Á FLÆMSKA HATTINUM SAMKVÆMT SAMÞYKKT
NAFO FRÁ OKTÓBER 1995.**

Miðað er við 36 skip að meðaltali í 6 mánuði á ári.

Laun sjónarvotts pr. mánuð kr. 330.000.-	kr. 1.980.000.-
Ferðir sjónarvotts annan hvern mánuð kr. 100.000.-	kr. 300.000.-
Vegna veikinda og dagpeningar	kr. 150.000.-
Fæði og húsnæði kr. 7.600.- pr. dag	kr. 1.368.000.-
Þáttaka í yfirstjórn 10%	kr. 380.000.-

Samtals á skip í 6 mánuði kr. 4.178.000.-

Samtals á skip í 12 mánuði kr. 8.356.000.-

Samtals 36 skip í 6 mánuði kr. 150.408.000.-

Samtals 36 skip í 12 mánuði kr. 300.816.000.-

14051996

Rekstrarathuganir á rækjuskipum



Verkefni unnið með aðstoð
þekkingarkerfisins **FRAFF**

Unnið af *Ingólfi Arnarsyni*
fyrir

Félag úthafsútgerða

Reykjavík, maí 1996.

Almennar forsendur útreikninga



- ◆ Aðeins er reiknað fyrir eina skipagerð
- ◆ Skip sem siglir undir íslensku flaggi
- ◆ Íslenskir kjarasamningar
- ◆ Veitt á Flæmska hattinum, landað á Nýfundnalandi
- ◆ Miðað er við rekstur allt árið

Almennar forsendur útreikninga,frh



- ◆ Framleiðslan er seld til Japan, Evrópu og Íslands
- ◆ Aflasamstetning og afli byggir á reynslu fleiri en einnar útgerðar
- ◆ Skipið er útbúið til veiða með tveimur trollum
- ◆ Gert er ráð fyrir skipi sem er í góðu viðhaldi og tafir vegna bilana litlar sem engar

Almennar forsendur útreikninga,frh



- ◆ Stuðst er við tölur um rekstrarkostnað frá einstökum útgerðum ásamt gögnum frá Fiskifélagi Íslands
- ◆ Skipið er fjármagnað með hagstæðum lánum
- ◆ Bókhaldslegar afskriftir, skattar og kostnaður vegna eftirlits og/eða sjónarvotta eru ekki með útreikningum




Nokkrar niðurstöður

- ◆ Rekstrarafkoma við mismunandi forsendur aflabragða (+- 20%)
- ◆ Reiknað er út frá að meðalafli sé 2x250 kílógrömm á togtíma

Afli	1.949 tonn	2.436 tonn	2.923 tonn
Rekstrarkostnaður	319.572.021 kr	399.465.026 kr	479.358.031 kr
Heildarútgjöld	360.105.062 kr	400.552.460 kr	440.999.859 kr
Hagnaður	-40.533.041 kr	-1.087.434 kr	38.358.172 kr
Hæðtaliður	4.385.238 kr	5.481.548 kr	6.577.857 kr
Heildar kaupgreiðslur	114.784.951 kr	142.157.177 kr	169.529.403 kr



Nokkrar niðurstöður, frh



Nokkrar niðurstöður, frh



- ◆ Nú eru um 40 skip á Flæmska hattinum
- ◆ Sé gert ráð fyrir að um 20 af þeim muni stunda veiðarnar í framtíðinni sex mánuði á ári fást eftirfarandi tölur:

Afl	19.486 tonn	24.356 tonn	29.229 tonn
Rekstrarkjör	3.195.720.208 kr	3.994.650.260 kr	4.793.580.311 kr
Heildarútgjöld	3.601.050.616 kr	4.005.524.602 kr	4.409.998.587 kr
Hagnaður	-405.330.408 kr	-10.874.342 kr	383.581.724 kr
Heildar kaupgjöldur	1.147.849.510 kr	1.421.571.772 kr	1.695.291.035 kr



FRAFF

Upplýsingar um FRAFF þekkingarkerfi,
þjónustu og námskeið fæst hjá:

SEAEAGLE SOFTWARE (SEAS)
Eyrarvegi 47
800 SELFOSS

Sími: 482-3122 Símbref: 482-3124

FRAFF@lsmennt.is



FRAFF